

Ágæti félagsmaður,

Á SS að byggja nýtt stórgripasláturhús?

Stórgripasláturhús félagsins á Selfossi er komið til ára sinna. Margt hefur þó verið endurbætt í gegnum árin. Fyrir nokkrum árum var allur stórgripakælirinn endurnýjaður með fullkomnum búnaði sem stýrir kælingu og raka til að viðhalda hámarks gæðum. Fyrir á þessu ári var auk þess keyptur nýr húðaafdragari.



Nýr húðaafdragari í stórgripasláturhúsinu

En pláss skortir til vinnslu á hluta aukaafurða sem gætu skilað töluverðum verðmætum. Hæð á brautum þyrfti auk þess að vera meiri og veikleikar eru í burðarvirki sem þarf að lagfæra auk fleiri umbóta sem þörf er á.

Fyrir liggja tillögur um breytingar á núverandi húsi, sem eru samt alltaf með annmörkum, af því að stórgripahúsið er

nálægt lóðarmörkum sem takmarkar svigrúm til breytinga. Ef ráðist væri í endurbyggingu hússins þarf að reikna með að ekki væri hægt að slátra í húsinu í a.m.k. 3-4 mánuði.

Ekki liggja fyrir nákvæmar kostnaðar-áætlanir við þessa framkvæmd en gróft má meta að kostnaður yrði 3-400 mkr.

Á móti þessari leið verður að skoða þann valkost að byggja nýtt stórgripasláturhús við endann á núverandi frystihúsi stöðvarinnar. Nýtt hús yrði byggt til að geta afkastað allt að 100 nautgripum á dag auk aðstöðu fyrir vinnslu á öllum aukaafurðum og getu til verulegrar úrbeiningar. Auk þess yrði byggð í húsinu lítil lína fyrir sauðfjárslátrun þar sem hægt væri að slátra um 450 lömbum á dag með 8 mönnum sem gæfi mikla möguleika á að lengja sláturtíð og bjóða ferskt dillkakjöt miklu lengur en nú er hægt.

Með byggingu á nýju húsi yrði rekstrarstöðvun ekki nema í eina til tvær vikur.

Hægt væri að nota núverandi húsnæði stórgripasláturhússins til að stækka kjötkæli sauðfjársláturhússins auk þess að flytja þangað alla heimtöku og bjóða bændum aukna þjónustu með meiri úrbeiningu og pökkun á heimteknu kjöti.

Við flutning heimtökunnar þá losna salir sem nýta má til að stækka frystihúsið og spara þannig akstur og leigugeymslur. Félagið sýndi mikla forsjá og byggði þessa sali upphaflega með einangrun og öllum búnaði til að auðveldlega væri hægt að breyta þeim í frystirými síðar.

Félagið hefur ráðið erlenda sérfræðinga í sláturhúsaönnun til að vinna tillögur að nýju stórgripasláturhúsi. Áætlanir liggja ekki fyrir en gróft má meta að kostnaður við



nýtt hús með öllum búnaði yrði á bilinu 12-1400 mkr. Til að ávaxta mun á fjárfestingum þarf ávinning um nálægt 50 mkr. á ári við nýtt hús á móti uppfærslu á því gamla.

Árið 2022 verður notað til vinnslu þessara hugmynda með það að markmiði að hafa forsendur til að taka ákvörðun fyrir árslok 2022. Framkvæmdir gætu þá hafist árið 2023.

Sauðfjársláturtíð 2021 og næstu ár

Það er mikill léttir að sauðfjársláturtíð sé lokið og hafi gengið áfallalaust. Fólkið okkar á Selfossi lagði gríðarlega mikið á sig til að hlutir gengju upp og fær miklar þakkir fyrir. Slátrað var hálfan laugardag en að öðru leyti var sláturáætlun fylgt. Nokkurt misvægi var í ásókn eftir vikum og þarf að mæta því með breytingu á verðhlutföllum fyrir haustið 2022 sem kynnt verða fljótlega.

Slátrað var um 106.500 kindum sem er fækkun um rúmt 1% en aukin fallþyngd gerði að aukning um 3,5% var á innvegnum magni. Heimtaka var nær óbreytt. Sjá nánar í eftirfarandi töflu:

	Slátrun 2021	Slátrun 2020	Breyting
Dilkar [stk]	94.906	97.407	-2,6%
Dilkar [kg]	1.638.138	1.608.388	1,8%
Dilkar heimtaka [stk]	6.936	6.973	-0,5%
Ær [stk]	11.589	10.391	11,5%
Ær [kg]	287.110	251.033	14,4%
Ær heimtaka [stk]	1.515	1.410	7,4%
Samtals slátrun [stk]	106.495	107.798	-1,2%
Samtals slátrun [kg]	1.925.248	1.859.421	3,5%
Meðalþyngd dilka [kg]	17,26	16,51	4,5%

Fallþyngd dilka var 17,3 kg og hefur aldrei verið meiri sem sýnir að sauðfjárþændur eru að standa sig mjög vel. Undirritaður hefur talað fyrir aukinni fallþyngd því að hún

stuðlar að lækkun kostnaðar pr. kg við slátrun og vinnslu.

Á landsvísu er samdráttur undanfarinna 4 ára um 100 þús. kindur sem er ígildi eins stórs húss í slátrun. Á sama tíma hefur aðeins eitt lítið hús með rúmlega 25 þús. í slátrun fallið út.

Eftirfarandi tafla yfir slátrun byggir á gögnum og spá frá Bændasamtökum Íslands sem er vægast sagt svört. Áætlað er að mikil hækkun á áburði, óviðunandi afkoma og þar með skortur á nýliðun valdi áframhaldandi samdrætti.

Ár	Dilkar	Fullorðið	Samtals	Hlutfall fullorðið
2012	537.327	45.991	583.318	7,9%
2013	541.880	48.771	590.651	8,3%
2014	547.310	46.415	593.725	7,8%
2015	544.708	55.401	600.109	9,2%
2016	555.617	42.356	597.973	7,1%
2017	560.563	55.199	615.762	9,0%
2018	542.113	58.395	600.508	9,7%
2019	507.165	56.275	563.440	10,0%
2020	485.701	50.948	536.649	9,5%
2021	465.324	50.586	515.910	9,8%
2022	449.627	54.041	503.668	10,7%
2023	418.153	50.258	468.411	10,7%
2024	397.246	47.745	444.991	10,7%

Afkomuvandi sauðfjárþænda er fyrst og fremst vegna of mikils slátur-/frysti- og geymslukostnaðar sem er nær tvöfalt það sem er í öðrum löndum.

Í ár var slátrað í 7 sláturhúsum. Fjögur stór sláturhús duga til að slátra því sem slátra þarf í landinu og myndi sláturkostnaður lækka um nokkur hundruð mkr. á ári ef svo væri.

En fækkun sláturhúsa þarf að gerast í samvinnu því eignirnar eru nær verðlausar ef ekki er slátrað í þeim. Því þarf að vera hægt að skipta ávinningi við fækkun húsa ef hún á að ná fram að ganga.



Verðmæti dilka - Skurðarmæling

SS gerði nokkrar breytingar á verðhlutföllum flokka fyrir sláurtíð til að endurspegla betur þann mun sem talinn var á verðmæti skrokka.

Í 3. tbl. fréttabréfs sem birt var í júní voru kynnt breytt verðhlutföll skv. eftirfarandi töflu:

Flokkur	1	2	3	3+	4	5
E	95%	108%	107%	99%	83%	70%
U	92%	104%	103%	96%	80%	68%
R	88%	100%	98%	87%	72%	60%
O	70%	80%	77%	60%		
P	44%	50%				

Það er mikilvægt að sannreyna hvaða munur ætti að vera á milli flokka með skurðarmælingu sambærilegra skrokka. Í því skyni voru teknir til skurðar alls 12 skrokkar sem allir voru um 19 kg hver. Þrír skrokkar voru af hverjum matsflokki R2, U2, R3 og U3.

Útreikningar byggja á meðal söluverði þeirra afurða sem falla til að frádregnum kostnaði við úrbeiningu, pökkun, umbúðir og flutning í þeim tilfellum sem afurðir eru seldar úr landi.

Hafa verður þann fyrirvara að úrtakið er lítið og niðurstaðan því frekar vísbending en endanleg niðurstaða. Mismunur í útkomu lægsta og hæsta verðs einstakra skrokka af sama matsflokki var frá 3,6-5,6%.

Eftirfarandi er meðaltal þriggja skrokka í hverjum flokki:

		Þyngd	Verð	Verðmæti pr.stk	
	R2, 3 skr	57,80	940	54.313	
		19,27			
	Hlutfall þyngdar	Þyngd pr. vörulið	Hráverð	Verðmæti pr. vörulið	Hlutfall verðmæta
Afurð					
Úrb háls	3,75%	2,17	936	2.031	3,74%
Hálsbein	2,44%	1,41	31	44	0,08%
Hringsk bógur án/skank	13,65%	7,89	739	5.828	10,73%
Framskanki	3,48%	2,01	885	1.778	3,27%
Framhr.vöðvi (Rib eye)	3,24%	1,87	2.720	5.086	9,37%
Úrb slög	14,05%	8,12	656	5.328	9,81%
Rífbein	5,45%	3,15	61	191	0,35%
Lundir, óhreinsaðar	1,33%	0,77	2.564	1.974	3,64%
Hryggvöðvi m/fitu	6,49%	3,75	3.720	13.950	25,68%
Mjæðmavöðvi (sirloin)	4,00%	2,31	1.945	4.493	8,27%
Stutt læri	22,61%	13,07	917	11.980	22,06%
Afskurður	4,71%	2,72	535	1.454	2,68%
Fita	0,90%	0,52	178	93	0,17%
Bein BHJ	10,54%	6,09	14	82	0,15%
Bein/rusl/rýrnun	3,37%	1,95	-	0	0,00%
Samtals:	100,00%	57,80		54.313	100,00%

		Þyngd	Verð	Verðmæti pr.stk	
	U2, 3 skr	56,70	963	54.617	
		18,90			
	Hlutfall þyngdar	Þyngd pr. vörulið	Hráverð	Verðmæti pr. vörulið	Hlutfall verðmæta
Afurð					
Úrb háls	3,21%	1,82	936	1.704	3,12%
Hálsbein	2,03%	1,15	31	36	0,07%
Hringsk bógur án/skank	13,70%	7,77	739	5.739	10,51%
Framskanki	3,56%	2,02	885	1.787	3,27%
Framhr.vöðvi (Rib eye)	3,40%	1,93	2.720	5.250	9,61%
Úrb slög	13,35%	7,57	656	4.967	9,10%
Rífbein	5,54%	3,14	61	190	0,35%
Lundir, óhreinsaðar	1,31%	0,74	2.564	1.897	3,47%
Hryggvöðvi m/fitu	6,86%	3,89	3.720	14.471	26,50%
Mjæðmavöðvi (sirloin)	4,34%	2,46	1.945	4.785	8,76%
Stutt læri	23,60%	13,38	917	12.264	22,45%
Afskurður	4,41%	2,50	535	1.337	2,45%
Fita	1,08%	0,61	178	109	0,20%
Bein BHJ	10,71%	6,07	14	82	0,15%
Bein/rusl/rýrnun	2,91%	1,65	-	0	0,00%
Samtals:	100,00%	56,70		54.617	100,00%



		Þyngd	Verð	Verðmæti pr.stk	
	R3, 3 skr	57,80	941	54.377	
		19,27			
	Hlutfall þyngdar	Þyngd pr. vörulið	Hráverð	Verðmæti pr. vörulið	Hlutfall verðmæta
Afurð					
Úrb háls	3,10%	1,79	936	1.675	3,08%
Hálsbein	2,20%	1,27	31	39	0,07%
Hringsk bógur án/skank	14,65%	8,47	739	6.256	11,51%
Framskanki	3,36%	1,94	885	1.716	3,16%
Framhr.vöðvi (Rib eye)	3,06%	1,77	2.720	4.814	8,85%
Úrb slög	13,10%	7,57	656	4.967	9,14%
Rífbein	6,57%	3,80	61	230	0,42%
Lundir, óhreinsaðar	1,25%	0,72	2.564	1.846	3,39%
Hryggvöðvi m/fitu	6,66%	3,85	3.720	14.322	26,34%
Mjæðnavöðvi (sirloin)	4,39%	2,54	1.945	4.940	9,09%
Stutt læri	22,61%	13,07	917	11.980	22,03%
Afskurður	4,39%	2,54	535	1.358	2,50%
Fita	1,42%	0,82	178	146	0,27%
Bein BHJ	10,93%	6,32	14	86	0,16%
Bein/rusl/rýrnun	2,30%	1,33	-	0	0,00%
Samtals:	100,00%	57,80		54.377	100,00%

Flokkur	Verðmæti	Hlutf U/R	Bændav	Mismunur
R2	940		526	414
U2	963	2,5%	547	416
R3	941		515	426
U3	997	6,0%	542	455

Draga má þá ályktun að verðhlutföll milli R2 og U2 séu eðlileg en rétt sé að hækka R3 og greiða sama verð fyrir R3 og R2. Sama gildir um U3. Greiða ætti a.m.k. sama verð fyrir U3 og U2 og m.v. þessa mælingu ganga lengra og lyfta U3 upp fyrir U2.

En ítreka verður að mælingin er takmörkuð og gæti sýnt aðra niðurstöðu ef valdir hefðu verið 16 kg skrokkar í stað 19 kg.

Orkugerðin

SS og Reykjagarður eiga stóran hluta í Orkugerðinni, sem rekur kjötmjöls-verkmiðju í Flóahreppi. Verksmiðjan er mikilvægur hlekkur í umhverfisstefnu SS og Reykjagarðs og stuðlar að því að allar afurðir, sem ekki nýtast til manneldis eða dýrafóðurs, verði að verðmætum.



Verksmiðja Orkugerðarinnar

Jákvæð þróun er í rekstri Orkugerðarinnar því að hún hefur fengið verulega aukið magn af lífrænum aukaafurðum til úrvinnslu með samningi við Sorpu. Starfsemi Orkugerðarinnar er því að stuðla að bættri meðhöndlun úrgangs fyrir allt höfuðborgarsvæðið og minna umhverfis-spöri.

Það er fróðlegt að skoða verðmæti flokka skv. skurðarmælingu og mismun m.v. grunn bændaverð (án yfirborgana) sömu flokka. Þann samanburð má sjá í eftirfarandi töflu:

		Þyngd	Verð	Verðmæti pr.stk	
	U3, 3 skr	57,82	997	57.640	
		19,27			
	Hlutfall þyngdar	Þyngd pr. vörulið	Hráverð	Verðmæti pr. vörulið	Hlutfall verðmæta
Afurð					
Úrb háls	2,89%	1,67	936	1.563	2,71%
Hálsbein	1,85%	1,07	31	33	0,06%
Hringsk bógur án/skank	14,03%	8,11	739	5.990	10,39%
Framskanki	3,16%	1,83	885	1.619	2,81%
Framhr.vöðvi (Rib eye)	3,48%	2,01	2.720	5.467	9,49%
Úrb slög	13,59%	7,86	656	5.158	8,95%
Rífbein	5,48%	3,17	61	192	0,33%
Lundir, óhreinsaðar	1,44%	0,83	2.564	2.128	3,69%
Hryggvöðvi m/fitu	7,35%	4,25	3.720	15.810	27,43%
Mjæðnavöðvi (sirloin)	4,83%	2,79	1.945	5.427	9,41%
Stutt læri	23,80%	13,76	917	12.612	21,88%
Afskurður	4,57%	2,64	535	1.412	2,45%
Fita	1,47%	0,85	178	151	0,26%
Bein BHJ	9,91%	5,73	14	78	0,13%
Bein/rusl/rýrnun	2,16%	1,25	-	0	0,00%
Samtals:	100,00%	57,82		57.640	100,00%



Miklar endurbætur hafa verið gerðar á búnaði Orkugerðarinnar til að auka afköst og draga úr orkunotkun.

Framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar er Ólafur Wernersson.

Staðan á kjötmarkaði

Framleiðsla kjöts í október var í heildina svipuð og fyrra ár. Sjá má breytingar yfir 12 mánaða tímabil í þá veru að verulegur samdráttur er í framleiðslu hrossakjöts og lítils háttar samdráttur í framleiðslu svínakjöts.

Innanlandssala er nær óbreytt í heild en miklar breytingar innbyrðis. Sala hrossa- og svínakjöts minnkar en nauta- og kindakjöts eykst. Það er ánægjulegt að sjá að eftir tímabil mikils samdráttar í sölu á kindakjöti þá hefur söluaukning undanfarinna mánaða gert að yfir 12 mánaða tímabil er orðin 4,5% söluaukning.

Framleiðsla í kg.

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	744,438	2,413,978	9,150,917	-6.0 %	1.8 %	0.1 %
Hrossakjöt	91,999	212,272	872,684	-24.1 %	-25.0 %	-17.4 %
Kindakjöt	5,026,759	9,151,297	9,373,154	1.7 %	-1.3 %	-0.6 %
Nautgripakjöt	408,576	1,235,000	4,874,635	4.0 %	5.3 %	5.0 %
Svínakjöt	521,629	1,652,122	6,503,671	-15.8 %	-4.7 %	-3.4 %
Samtals	6,793,401	14,664,669	30,775,061	-1.1 %	-1.1 %	-0.7 %

Framleiðsla til loka október 2021 skv. mælaborði landbúnaðarins

Sala í kg.

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	751,933	2,318,203	8,993,119	-3.5 %	-0.8 %	-1.3 %
Hrossakjöt	54,196	140,557	621,353	-34.6 %	-20.7 %	-15.5 %
Kindakjöt	1,151,062	2,325,808	6,537,965	18.4 %	23.5 %	4.5 %
Nautgripakjöt	398,160	1,224,537	4,858,998	4.1 %	4.6 %	5.0 %
Svínakjöt	521,629	1,652,122	6,474,243	-15.7 %	-4.7 %	-4.0 %
Samtals	2,876,980	7,661,228	27,485,678	1.5 %	5.0 %	0.0 %

Sala til loka október 2021 skv. mælaborði landbúnaðarins

Í mælaborðinu má einnig sjá að í lok október þá voru birgðir kindakjöts 8,5% minni en í lok október 2020 og markaðsstaða kindakjöts því mun betri en fyrir ári síðan.

Áburður, staðan á erlendum mörkuðum og innlendur landbúnaður

Flest héldum við að 2021 væri Covid árið og nú tækju við betri tímar með sól í heiði.

Því miður er þetta ekki alveg svo. Í Bændablaðinu 18. nóvember var birt viðtal við forstjóra Yara, eins stærsta áburðarframleiðanda heims, þar sem hann varaði við að skortur á áburði og mikil verðhækkun geti leitt til matvælskorts.

Skorturinn mun bitna meira á fátækum ríkjum sem ráða ekki við að kaupa áburð á miklu hærra verði. Á Vesturlöndum verður einnig skortur á áburði, sem mun draga úr uppskeru, og leiða til verðhækkunar á matvælum.

Það eru líkur á að áburð muni skorta á Íslandi og gæti þurft að takmarka sölu til að allir fái svipaðan hluta af því sem þeir hafa keypt áður. Nánar verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi á sölu áburðar er salan hefst.

SS hefur flutt út meira af lambakjöti í haust og á hærra verð en nokkru sinni áður. Eftirspurn var langt umfram framboð og það hefði mátt selja þrisvar sinnum það magn sem selt var en salan var stöðvuð til að eiga birgðir fyrir væntanlega sölu innanlands.

Það eru því þegar komin fram merki um skort á kjötmarkaði erlendis sem búast má við að vari í eitt til tvö ár hið minnsta.

Í þessu ljósi er mikilvægara en oft áður að til staðar sé öflugur innlendur landbúnaður sem framleiðir gæðavöru með miklu minni notkun á sýklalyfjum, skordýra- og illgresiseitri en víða tíðkast.

Það er ánægjulegt að sjá í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar að lögð er áhersla á að



efla innlenda framleiðslu til tryggja fæðuöryggi á Íslandi.

Jólavörur SS

Jólin eru stór vertíð fyrir félagið. Mikið magn af vörum er framleitt til að mæta eftirspurn. Allir vilja gera vel við sig um jólin og þá eru gæðavörur frá SS góður valkostur.

Fyrir neðan má sjá hluta vinsælustu vara SS sem hvergi ætti að vanta.



Tindfjallahangikjöt er tvíreykt og þurrkuð lúxusvara. Vinnslutíminn er þrjár mánuðir og má líkja vörinni við Parmaskinku.



Birkireykt læri er safaríkt og milt sem fellur mörgum í geð



Urbeinaður hamborgarhryggur frá SS er sannkallaður veislumatur



Vöruþróun & nýjungar

Nýjar vörur á neytendamarkaði eru Teriyaki kjúklingaréttur sem er vel þekktur og vinsæll hjá þeim sem vilja bragðmikinn mat.



Vinsæll japanskur réttur sem er kominn í 1944 línuna

Einnig hefur verið sett á markað ný pakkning af „Létt pepperoni“ sem er með jurtaosti í stað svínaspekks. Létt pepperoni er með aðeins 8% fitu sem er miklu mun minna en venjulegt pepperoni sem er með tæp 40% fitu.



Starfsfólkið á bak við SS

Elín Björg Ólafsdóttir er sölumaður hjá SS og á langan og farsælan starfsferil hjá félaginu.

Elín hóf störf árið 1986 í pylsugerðinni á Skúlagötu 20. Hún tók þátt í því merkilega verkefni að flytja kjötvinnslu SS til Hvolsvallar árið 1991 og starfaði á Hvolsvelli í fjögur ár og lagði sitt af mörkum við að yfirfæra fagþekkingu til Hvolsvallar.

Frá árinu 1995 hefur Elín starfað í söludeild félagsins. Röðdina hennar þekkja allir viðskiptavinir félagsins. Elín er einn verðmætra starfsmanna sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 30 ára starfsaldur hjá SS.

Helstu áhugamál eru fjölskylda, vinir, hannyrðir og ferðalög.



Elín Björg Ólafsdóttir sölumaður

Með jólakveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason

Steinþór Skúlason